

Borgarstjórn
15. nóvember 2016

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um aðgerðir gegn notkun plasts

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að móta og hefja aðgerðir gegn notkun plasts í borginni á næsta ári. Horft verði til hvernig auðvelda megi borgarbúum að komast hjá plastnotkun og velja aðra möguleika en að nota plastpoka eða plastumbúðir. Samstarfsvettvangi við verslun og þjónustu verði komið á og farið verði í sérstakt fræðslu og forvarnarátak í því skyni að draga úr notkun plasts.